

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila: Jöklableikja ehf.	Dags. eftirlits: 19.09.18	Staðsetning stöðvar: Breiðabólstað 4, Hala II, Hornafirði	Starfsleyfisflokkur: 4
Kennitala rekstraraðila: 540102-4730	Gildistími starfsleyfis: 08.01.2020	Kvittun afhend: Já	Gerð stöðvar: Landeldi, bleikja til manneldis 20 tonn

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Já, u.þ.b. 3 tonn framleidd 2017 og 8 tonn 2018
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?		X		Skv. úrbótaáætlun í kjölfar seinasta eftirlits stóð til bæta hreinsun frárennslis og að hætta rekstri í stöðinni í júlí 2018. Skv. rekstraraðila stendur til að hætta rekstri í haust, en vatni verður haldið á einu kerfi að ósk brunavarna.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).		X		Fóðurmagn og framleiðsla skráð, annað vantar.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við, en þarf að vera aðgengileg eftirlitsaðila við eftirlit.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Ekki til skrifaðar.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?		X		Ekki til staðar.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Ekki til staðar.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Reiknað hlutfall af lífmassa og handvirkt, einnig sjónmat.
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Engin mæling eða útreikningur hefur verið gerður.
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?		X		Engin lykt. Engin olía eða froða sjáanleg. Setþró er ekki nægilega stór til að taka við yfirfalli þegar ker eru tæmd og vatn flæðir því yfir barma.
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oph. Leið frárennslis frá keri að viðtaka.		X		Frárennslis rennur í ker/setþró og þaðan í röri í um það um 5 metra út í læk. Skv. rekstraraðila var 70 m ³ ker/setþró (með skilrúmi í miðju sem safnar seti öðrum megin og útrennslis út hinum megin) bætt við síðan í seinasta eftirliti, en útfra myndum sýnist eftirlitsaðila sem að þetta ker hafi verið til staðar við síðasta eftirlit og einungis hafi röri við útrennslis kers verið bætt við.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			Rör úr kerri að læk, um 10 metrar. Lækurinn rennur um 100 metra, út í sjó.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Engar mælingar hafa verið gerðar
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?		X		Dauðfiskur er urðaður í skjólbelti, sem rekstraraðili sér sjálfur um.
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Nei.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Engar mælingar hafa verið gerðar.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?		X		Engar mælingar eru áætlaðar þar sem rekstraraðili hyggst hætta rekstri.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Tvö frávík komu fram við eftirlitið er varða hreinsun frárennslis og mengunarvarnarbúnað. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

Skv. úrbótaáætlun í kjölfar seinasta eftirlits stóð til að hætta rekstri í stöðinni í júlí 2018.

Samantekt:	Sex frávík komu fram við eftirlitið: Frá gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum, skráningum í rekstrardagbók er ábótavant. Frá gr.1.4 í starfsleyfisskilyrðum og 18.gr í lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantar. Frá lögum 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, rekstraraðili skal sýna fram á tryggingu vegna bráðamengunar. Frá gr. 2.4 í starfsleyfisskilyrðum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, dauðfiskur er urðaður af rekstraraðila í skjólbelti. Einnig voru frávík frá gr. 2.1 starfsleyfisskilyrðum og frá gr. 2.6 og gr 3.1 í starfsleyfisskilyrðum ítrekuð frá seinasta eftirliti. Ábending var gerð vegna losunar blóðvökva í jarðveg við slátrun.
Annað:	Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

Undirskrift eftirlitsmanns: _____

Hulda S. Jónasdóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Jöklableikja ehf. Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	19.9.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Jöklableikja ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Breiðabólstað 4, Hala II	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	540102-4730	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnór Már Fjölisson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Fjölur Torfason	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur ný frávik komu fram við eftirlitið er varða skráningar í rekstrardagbók, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar, tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda, urðun dauðfisks, ásamt því að tvö frávik frá seinasta eftirliti varðandi frárennsli og mengunarvarnaráætlun voru ítrekuð. Skv. úrbótaáætlun sem barst stofnuninni þann 12. júní 2017 stóð til að hætta rekstri í júlí 2018. Rekstraraðili hefur nú óskað eftir fresti til 31. desember 2018 til að loka stöðinni. Umhverfisstofnun felst á þann frest og mun framkvæma lokunareftirlit í stöðinni í byrjun árs 2019. Rekstraraðili skal senda tímasetta áætlun um frágang við rekstrarstöðvun til eftirlitsaðila fyrir 15. desember nk.

Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar losun blóðvökva í jarðveg við slátrun.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Umhverfisstofnun og vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi
Skráningum í rekstrardagbók er ábótavant

gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 18. gr laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar vantar.

16. gr. laga 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
Rekstraraðili skal framvísa tryggingu vegna bráðamengunar

Gr. 2.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi og 11. gr reglugerðar 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
Dauðfiskur hefur verið urðaður í skjólbelti á lóð rekstraraðila. Öll urðun úrgangs er óheimil nema á viðurkenndum urðunarstöðum.

Gr. 2.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi
Ítrekað er frá seinasta eftirliti að beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins. Umhverfi eldiskera á útisvæði ber þess merki að ekki sé unnið með þennan lið starfsleyfisskilyrðina,

búnaður eldisins samræmist ekki kröfum um bestu fánlegu tækni.

Gr. 2.6 og gr. 3.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

Ítrekað er frá seinasta eftirliti að frárennsli frá fiskeldi skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka og skal frárennsli vera í samræmi við bestu fánlegu tækni fyrir fiskeldi. Engin hreinsun er á frárennslisvatni úr eldiskerum.

ÁBENDINGAR

Ein ábending var gerð varðandi losun blóðvökva í jarðveg við slátrun fisks úr kerjum.

ANNAÐ

Bæklingur um umhverfismarkmið var kynntur í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.11.2018



Hulda Soffía Jónasdóttir